

Menning

Menning

Menning

Menning

Á ferð með glugga norður í land

— Jens Urup gestur Septem'85 á Kjarvalsstöðum

„Eg staldra hér við og sýni gluggana áður en ég fer með þá norður á Sauðárkrók þar sem þeir verða í kirkjunni,” sagði danski listamaðurinn Jens Urup sem á þessu hausti hefur verið gestur Septemhópsins á Kjarvalsstöðum.

Urup verður að teljast fjöllistamaður í sinni grein. Eftir hann liggja verk á flestum sviðum myndlistar. Hann hefur fengist við glerlist, grafík, vefnað og malar svo þess á milli með olíu. Þekktastur er hann þó fyrir kirkjulistina og þar ber steindu gluggana hæst. Sem dæmi má nefna að á árunum 1961 til 1967 vann hann fjóra 50 fermetra stóra glugga fyrir kirkju í Esbjerg. Gluggarnir í Sauðárkróskirkju eru smáir á við það stórvikri en smátt er jú fagurt.

En af hverju glugga í Sauðárkróskirkju? Það kemur í ljós þegar Urup svarar því að hann er tengdari Íslandi og Íslendingum en ætla mátti í fyrstu. „Konan mín, Guðrún Sigurðardóttir, er frá Sauðárkróki og ég hef oft verið þar. Annars er það sóknarnefndin á staðnum sem bað mig að vinna þetta verk. Kostnaðurinn er síðan greiddur af nokkrum velunnurum kirkjunnar,” sagði Urup.

Þar með er líka kominn skýringin á því að listamaðurinn bregður fyrir sig þessari ágætu íslensku þegar hann vill það við hafa. Og hann heldur áfram:


„Eg sýndi hér síðast í Norræna húsinu árið 1975. Það var yfirlitssýning með olíu- og grafíkverkum. Það er alltaf gaman að koma til Íslands. Eg er búinn að vinna nokkuð lengi að gluggunum í kirkjunni á Sauðárkróki og orðinn nokkuð spenntur að sjá hvernig þeir taka sig út þar sem þeir eiga að vera í framtíðinni. Eg kom í vor með frummyndirnar í fullri stærð á pappír. Mér sýndust þær koma nokkuð vel út í kirkjunni þannig að ég hélt áfram að vinna. Það er þó aldrei hægt að sjá það

endanlega fyrir en glerið er komið í gluggana,” sagði Urup.

En Urup hefur á löngum ferli sínum fengist við fleira en glerið. Veldur það engum erfiðleikum að skipta oft um efnivið?

„Ja — nei, eiginlega ekki. Það skiptir ekki öllu hvaða efniviður er notaður því allt er þetta náskylikt. Eg einbeiti mér þó að einu efni í einu. Síðan skipti ég yfir í annað til að fá hvíld frá því sem ég hef verið að gera. Eg held að það sé nauðsynlegt að kunna tókin á fleiru en einu efni til að forðast stöðun.”

Þegar Urup hefur lokið verki sínu á Sauðárkróki tekur við undirbúningur



Jens Urup — ötull við steinda glerið.

fyrir sýningu á olíumálverkum í Kaupmannahöfn síðar í haust. Jafnframt hefur hann tekið að sér að gera glugga

í kirkju heilags Tómasar í þeirri sömu borg. „Það er mikið beðið um steinda glugga, bæði af einstaklingum og opin-

berum fyrirtækjum,” sagði Jens Urup að lokum.

GK.

Ertu klikkaður?

Ágengt viðtal við Þráin Bertelsson.

Tíska:

Föt í skólann

Tveir unglingar velja sér föt fyrir veturinn.

Lífsreynsla:

Fast þeir sóttu svallið

Diddi bíló segir frá skemmtunum ungmenna í Keflavík og víðar fyrir tuttugu árum.

VIKAN

Á BLAÐSÖLUSTÖÐUM



Mótettukórinn:

Hljómplata fyrir jólin

Mótettukór Hallgrímskirkju er um þessar mundir að hefja fjórða starfsár sitt. Síðasta starfsári lauk með tónleikum á Akureyri og Húsavík í júní sl. og í mars voru sérstakir Bach-tónleikar í samvinnu við kóra Hamrahliðarskóla. Einnig var flutt kantata á páskum.

Síðustu vikur hefur Mótettukórinn sungið jólalög inn á plötu ásamt Kristni Sigmundssyni, en það er bókaforlagið Örn og Örlygur sem gefur út. Upptökum er nú lokið og framundan er hefðbundið vetrarstarf kórsins.

Hátíðatónleikar verða haldnir sunnudaginn 27. október og verða þá fluttar kantötur, Ein feste Burg ist unser Gott, Christ lag in Todesbanden og einsöngskantatan Jauchzet Gott, sem Margrét Bóasdóttir syngur. Eru þessir tónleikar eins konar lokaframlag Mótettukórsins á Bachárinu. Fleiri tónleikar eru síðan ráðgerðir eftir áramótin og verður síðar í haust tekið til við að æfa nýja og fjölbreytta efnisskrá með mótettum frá ýmsum tímum.

Söngfólk vantar nú í allar raddir Mótettukórsins þar sem ákveðið hefur verið að stækka kórinn. Skilyrði fyrir inntöku er að menn hafi einhverja reynslu af kórstarfi, séu á aldrinum 16 til 40 ára og æskileg er kunnátta í nótnalestri. Æfingar eru á miðvikudagskvöldum og laugardagsmorgnum. Hörður Askelsson, söngstjóri Mótettukórs Hallgrímskirkju, veitir nánari upplýsingar í síma 32219 og inntöku-próf verða síðan föstudaginn 13. september kl. 18 til 20 og laugardag 14. kl. 11 til 14 í Hallgrímskirkju.